

**Fundargerð**  
**340. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 3. maí 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Kjaramál**
  - Staðan í vinnu við stofnanasamninga
  - Bókun 10
- 4. Yfirlit yfir helstu fréttir frá EPSU**
- 5. Efling trúnaðarmannakerfis**
  - Könnun og ráðstefna
  - Endurskoðun á trúnaðarmannakerfi LSH
  - Kosning trúnaðarmanna á deildum í október
- 6. Endurskoðun á greiðslum fyrir fundasetu**
- 7. Vandræðasjóðurinn afgreiðsla**
- 8. Viðbótarframlag í lífeyrissjóði**
- 9. Fundur félagsstjórnar SLFÍ**
- 10. Fulltrúaþing SLFÍ**
  - Dagskrá þingsins
    - [Sjá dagskrá](#)
    - [Kjörbréf deilda](#)
  - Fjárhagsáætlun og félagsgjald
    - [Sjá tillögu](#)
  - Uppstilling
    - [Sjá tillögu](#)
  - Stefna SLFÍ
    - [Sjá stefnu frá fyrra þingi](#) og tillögu um breytingu
  - Starfsmenn þingsins
  - Undirbúningur að ályktunum sem lagðar verða fyrir þingið
    - Ein tillaga hefur borist um Marín Jónsdóttir sem forseta þingsins
  - Tillaga Laganefndar að breytingu á reglum svæðisdeilda.
    - [Sjá tillögu](#)
    - [Sjá reglur svæðisdeilda með tillögunni](#)
  - Undirbúningur að ályktunum sem lagðar verða fyrir þingið.
- 11. Aðalfundur BSRB 17. maí, 2017**
- 12. Erindi frá Fréttablaðinu**

## 13. Vinnufundur framkvæmdastjórnar

### Önnur mál

#### Dagskrá:

##### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.

##### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

##### 3. Kjaramál

- Farið var yfir að stofnanasamningurinn við HSN væri loksins kominn í gegn, en ekkert gengi að koma samningunum áfram við HVest og HSU. Á síðasta fundi við HSU hefði verið farið yfir að félagið gæti ekki klárað stofnanasamninginn án þess að semja sérstaklega um röðun sjúkraliða í heimahjúkrun í ljósi niðurstöðu félagsdóms og bókunar í síðasta stofnanasamningi. Fulltrúar HSU í samstarfsnefnd ætluðu að ræða málið við forstjóra stofnunarinnar, en ekkert varð úr því og fyrirhuguðum fundi frestað. Enn hefur ekki verið haldinn fundur í samstarfsnefnd HSS, þ.s. beðið er eftir samningi við HSU. Beðið er eftir upplýsingum frá fjármálastjóra HVest um launaröðun sjúkraliða þar, eftir einhliða hækkun/breytingu fjármálastjórans á stofnanasamningi.
- Vinnuhópurinn um bókun 10 hittist í síðustu viku og lauk við bréf sem fara á til stjórnenda HSA og HSS, í því er farið yfir helstu niðurstöður og vísað í greinargerð sem fylgir bréfinu og boðað til kynningarfundar. KÁG fór yfir að í umræðunni fyrir austan/HSA sé að stytta vinnuvikuna á Dyngju um tvo tíma á viku í formi rannsóknarverkefnis. Rætt er um hvort hægt væri að sækja um stuðning í sjóði félagsins eða til ríkisins þ.s. það kemur fram í bókuninni að ef með þurfi þá gerir bókunin ráð fyrir takmörkuðum fjáruhlátum.

##### 4. Yfirlit yfir helstu fréttir frá EPSU

Sigurlaug Hrafnkelsdóttir (SH) kom á fundinn og fór yfir það helsta sem fréttæmt er úr starfi EPSU. SH gerði grein fyrir því helsta sem sagt er frá á upplýsingasíðunni. Á síðunni er haldið utan um hvenær og hvar helstu ráðstefnur um ákveðin mál eru haldnar og einnig helstu áherslur stéttarfélaganna í hverju landi. Rætt var um mikilvægi þess að fylgjast með því sem er að gerast í nágrennalöndunum í þeim málum sem tengjast atvinnulífnum með sérstakri athygli á heilbrigðiskerfið og heilbrigðisstarfsmenn.

##### 5. Efling trúnaðarmannakerfis

Sigríður Ríkharðsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gerði grein fyrir að KLIFUR nefndin á vegum BSRB væri að skipuleggja könnun og ráðstefnu um trúnaðarmenn. Árið 2010 var gerð könnun á stöðu trúnaðarmanna sem verður endurtekin á þessu ári. Könnunin var gerð á vegum BSRB, KÍ og BHM. Skipaður hefur verið starfshópur sem vinna á að eflingu trúnaðarmannakerfisins/starfsins.

- KÁG fór yfir að það þurfi að endurskipuleggja trúnaðarmannakerfið á LSH. Ef umbuna á fyrir trúnaðarmannastörf þá er hugmynd að gera ákveðna yfirtrúnaðarmenn ábyrga fyrir starfinu sem fengju umbunina. Yfirtrúnaðarmönnum verður treyst fyrir því að sinna öðrum trúnaðarmönnum og halda þeim upplýstum. Fram kom hjá JT að kjörstjórn Reykjavíkurdeildar eða fulltrúar frá deildinni eru viðstaddir og tryggja lögmæti kosninganna.
- Sigríður Ríkharðsdóttir mun á komandi hausti fara á allar deildar á LSH og skipuleggja kosningu trúnaðarmanna í samstarfi við kjörstjórn deildarinnar.

## 6. Endurskoðun á greiðslum fyrir fundasetu

Birna Ólafsdóttir sat á fundinum undir þessum lið.

JJS fór yfir samantekt hennar og GÖG um launapróun sjúkraliða á síðustu árum, sem er eðlilegt viðmið fyrir hækkun greiðslna fyrir fundasetu á vegum félagsins. Málið rætt og ákveðið að uppfæra greiðslur í takt við þessar hækkanir og að öðru leyti farið að tillögum endurskoðanda. Birna Ólafsdóttir (BÓ) ræddi um skipulag greiðslna og framlagningu banka- og lífeyrissjóðsupplýsingar og stjórnarmanna til hennar eftir næsta fund félagsstjórnar og einnig að leggja fram undirritað skjal frá öllum stjórnarmönnum.

## 7. Vandræðasjóðurinn afgreiðsla

Fram kom að óskilgreindir óskila fjármunir hafa einhverra hluta vegna safnast upp á bókum félagsins. Málið rætt og ákveðið að leggja þessa fjármuni inn á félagssjóð.

## 8. Viðbótaframlag í lífeyrissjóði

KÁG gerði grein fyrir bréfi frá LSR þ.s. farið er fram á viðbótargreiðslu frá félaginu til sjóðsins vegna þeirra breytinga á lögum sem urðu í desember s.l. Bréfið var sent á allar þær stofnanir sem ríkið ábyrgist ekki og farið er fram á 5,85% hækkun iðgjalda. Ákveðið að félagið greiði þessa viðbót, en GÖG falið að senda inn athugasemd á LSR

## 9. Fundur félagsstjórnar SLFÍ

KÁG fór yfir dagskrá fundarins og ræddi helstu mál sem tekin verða fyrir á fundinum.

## 10. Undirbúningur fyrir Fulltrúaþing

Farið var yfir dagskrá þingsins og hún rædd. [Sjá dagskrá](#) JJS fór yfir fjárhagsáætlun komandi árs og tillögur um félagsgjald. Tillögurnar ræddar og ákveðið að félagsgjöldin verði að hámarki 85.000 kr. sem er í takt við launapróun.

Jóhanna Traustardóttir (JT) ritari SLFÍ og formaður Uppstillinganefndar fór yfir tillögur nefndarinnar og gerði grein fyrir hverjir gæfu kost á sér áfram og hverjir væru sjálfkrafa áfram þ.s. kjörtímabili þeirra lýkur ekki á þessu ári.

KÁG ræddi um að skipulögð stefna félagsins, sem samþykkt var upphaflega 2014 og uppfærð á síðasta ári, en gleymdist að leggja fyrir þingið þurfi að uppfærast. Farið var yfir stefnuna og hún yfirfarinn.

Farið var yfir hugmyndir um starfsmenn þingsins og fram kom að fyrir liggi tillaga um Marín Jónsdóttur Norðurlandsdeild eystri, sem forseta þingsins og rætt um að Kristín Ólafsdóttir varaformaður SLFÍ geti verið hinn forseti þingsins ef ekki kemur tillaga um annan á fundi félagsstjórnar. Lagt er til að ritarar verði Jakobína Rut og Jóhanna Pálsdóttir frá Austfjarðadeild.

Farið var yfir breytingartillögur á reglum svæðisdeilda frá Vesturlandsdeild, sem laganefnd hefur farið yfir og lagt fram tillögu og undirbúa kynningu og kosningu. Rætt var um hugmyndir að ályktunum fyrir þingið og rætt um að álykta um:

- Einkavæðingu
- Fjársvelti heilbrigðisstofnana
- Álagið
- Húsnæðismál unga fólksins
- Lífeyristökualdur sjúkraliða

#### **11. Aðalfundur BSRB 17. maí 2017**

KÁG geði grein fyrir að aðalfundur BSRB verði haldinn að Grettisgötu 89, þann 17. maí kl. 10:30. Lagt er til að sami háttur verði á og síðastliðin ár, þ.e. að framkvæmdastjórn mæti og BÓ.

#### **12. Erindi frá Fréttablaðinu**

KÁG fór yfir „tilboð“ frá fréttablaðinu um kynningu á félaginu í blaði sem dreift er um allt land. Félagið var með í slíkri kynningu fyrir 4 árum. Ákveðið var að vera með og taka hálfu síðu. KÁG og GÖG falið að vinna upplýsingar um félagið.

#### **13. Vinnufundur framkvæmdastjórnar**

Rætt var um skipulagningu vinnufundar framkvæmdastjórnar á komandi hausti. Ákveðið var að halda fundinn þann 6. september kl. 10.00. Skoða hvar halda á fundinn.

#### **Önnur mál**

- KÁG mun gera grein fyrir því á þingi SLFÍ að þetta verði hennar síðasta ár sem formaður. Málið rætt.
- Beiðni um stuðning frá Landsbjörgu og skátum. GÖG falið að segja nei takk í þetta sinn.

Fundi slitið kl. 18.26